

## Fundurgerð nr 24

Skólaráðsfundur 23. Apríl 2018

Klukkan 15:30

Mættir eru : Hrafnhildur Ágústdóttir, Einar Gestsson, Helga Jóhanna Úlfarsdóttir, Bolette Höeg Koch, Lilja Loftsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Jón Ágúst Haraldsson og Hafdís Hafsteinsdóttir sem ritar fundargerð.

Dagskrá

### 1. Skóladagatalið fyrir næsta skólaár

Bolette afhenti fyrirhugað skóladagatal 2018-2019. Rennt yfir dagana. Magnús var með hugmynd að breyta páskaleyfinu og í stað þess að byrja frí í dymbilvikunni þá væri hægt að lengja vikuna eftir páska og þá kemur sumardagurinn 1. inn í. Þar með verður fríið samfelldara. Dagatalið samþykkt með fyrirvara um að Bolette ræði þessa hugmynd við Guðrúnu skólastjóra á Flúðum.

### 2. Innra mat skólans

Innra mat skólans snýst um skógarferðir skólans og í undirbúningi er könnun fyrir nemendur og foreldra um þessa daga.

### 3. Heilsueflandi grunnskóli

Hafdís sagði frá Heilsueflandi Þjórsárskóla og bað ráðið að velja markmið fyrir næsta vetur. Ákveðið að leggja áherslu á hreyfingu/öryggi. Sagði hún frá þeim dögum sem skólinn hefur tekið þátt í í vetur.

Einar vildi athuga með hvort skólinn væri ekkert að pressa á að laga aðstöðu barnanna í Árnesi fyrir íþróttir. Spurning um að senda inn bréf til sveitastjórnar varðandi það. Ákveðið að Helga semji bréf í samráði við íþróttakennara skólans.

### 4. Önnur mál

Engin mál .

Fundi slitið kl 15.55

Hafdís Hafsteinsdóttir